

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

1. gr.

2. og 3. mgr. 53. gr. laganna falla brott.

2. gr.

54. gr. laganna hljóðar svo:

Öll aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur skulu fara fram á markaði. Þó er heimil tilfærsla greiðslumarks milli lögþýla í eigu sama aðila og við ábúendaskipti eða breytingu skráningar ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða. Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um nánari framkvæmd markaðar með greiðslumark, forgang nýliða og frekari skilyrði fyrir tilfærslu eða breytingu skráningar greiðslumarks.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Meginilgangurinn með því er að framfylgja samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem skrifað var undir hinn 25. október 2019 af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda. Samkomulagið er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016 og var undirritað með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum og samþykki félagsmanna Landssambands kúabænda og Bændasamtaka Íslands í atkvæðagreiðslu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar í samræmi við ofangreint samkomulag þar sem fallið var frá niðurfellingu heildargreiðslumarks. Greiðslumark mun því gilda áfram út gildistíma samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Meginmarkmið breytingarinnar er að stuðla að jafnvægi í greininni miðað við ríkjandi markaðsaðstæður.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Samkomulagið er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016, skv. 14. gr. samningsins. Samkvæmt samningnum skyldi við endurskoðun hans árið 2019 tekin afstaða til þess hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu yrði afnumið frá og með

1. janúar 2021. Samkvæmt gr. 14.3 samningsins létu Bændasamtök Íslands fara fram atkvæðagreiðslu um það hvort kvótakerfi skyldi afnumið frá og með 1. janúar 2021. 89,4% mjólkurframleiðenda greiddu atkvæði með áframhaldandi kvótakerfi. Samkomulagið gerir ráð fyrir því að greiðslumark haldi sér sem kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði og sem viðmiðun fyrir beingreiðslur. Niðurtröppun á beingreiðslum út á greiðslumark samkvæmt samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt verður stöðvuð og heldur hlutfallslegu gildi sínu í 30% af heildarstuðningi.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í tvær greinar þar sem lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

1. Til samræmis við þær breytingar sem koma fram í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 25. október 2019 er lagt til að 2. og 3. mgr. 53. gr. laganna verði felldar brott þar sem ekki verður lengur í gildi innlausn með ríkisábyrgð. Aðilar sem vilja selja greiðslumark gera það í gegnum markað og fer sala fram á jafnvægisverði.
2. Lagt er til að viðskipti með greiðslumark verði leyfð að nýju frá og með árinu 2020. Viðskiptin muni byggja á markaðsfyrirkomulagi sem gildi á árunum 2011-2016, það er markaði með greiðslumark þar sem boðið er til sölu eða leitað eftir kaupum á greiðslumarki mjólkur. Markaðsverð verður grundvallað á jafnvægisverði, þ.e. því verði sem myndast þegar framboðið magn er jafnt og eftirspurn eða lægsta verði sem jafnvægis magn getur verið selt og keypt á. Nánara fyrirkomulag markaðar og frekari skilyrði fyrir tilfærslu eða breytingu skráningar greiðslumarks skuli koma fram í reglugerð.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið gaf ekki tilefni til sérstakrar athugunar á samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst starfsumhverfi bænda. Meginefni þess er að framkvæma nauðsynlegar lagabreytingar til að samkomulag frá 25. október 2019 geti tekið gildi. Samkomulagið er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016 en kveðið er á um að samningurinn skuli endurskoðaður í tvígang. Að samkomulaginu koma atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið auk Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda. Um samkomulagið var kosið í Bændasamtökum Íslands og Landssambands kúabænda. Með vísan til ofangreinds hefur því frumvarpið nokkuð langan aðdraganda og er samningsatriði milli þeirra sem það snertir einna helst. Þá var frumvarpið sett í opið samráð á samráðsgátt stjórnarráðsins í nóvember 2019. Loks má nefna að Landssamband kúabænda hefur kynnt efni samkomulagsins á 14 fundum um allt land.

6. Mat á áhrifum.

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að framfylgja samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem skrifað var undir þann 25. október 2019. Samkomulagið er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar til samræmis við ofangreint samkomulag þar sem fallið var frá niðurfellingu heildargreiðslumarks. Greiðslumark mun því

gilda áfram út gildistíma samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Þær breytingar sem snúa að samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar hafa áhrif á starfsumhverfi bænda.

Í fyrrgreindu samkomulagi eru lagðar til breytingar á ráðstöfun fjármuna innan gildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar frá 19. febrúar 2016 sem varða bændur en verði frumvarpið að lögum kallar það ekki á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð heldur er einungis um að ræða tilfærslur fjármuna innan gildandi samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar..

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til samræmis við þær breytingar sem koma fram í samkomulagi um breytingar á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 25. október 2019 er lagt til að lagt til að 2. og 3. mgr. 53. gr. laganna verði felldar brott þar sem ekki verður lengur í gildi innlaun með ríkisábyrgð. Framleiðendur sem vilja selja greiðslumark gera það í gegnum markað og fer sala fram á jafnvægisverði. Ef greiðslumarkið selst ekki verður það áfram í eigu framleiðanda sem getur þá reynt að selja það að nýju á næsta markaði. Með vísan til þessara breytinga er ekki þörf á nógildandi 2. og 3. mgr. 53. gr.

Um 2. gr.

Lagt er til að stofnsettur verði markaður fyrir greiðslumark. Í samkomulagi um breytingu á samningin um starfsskilyrði nautgriparæktar dags. 25. október 2019 kemur fram að fallið verði frá niðurfellingu heildargreiðslumarks sem átti að taka gildi þann 1. janúar 2021 sbr. 3. kafla í samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Greiðslumark muni því gilda áfram út gildistíma samningsins og halda sér sem kvóti sem tryggi forgang að innanlandsmarkaði og sem viðmiðun fyrir beingreiðslur. Viðskipti með greiðslumark verði þannig leyfð að nýju frá og með árinu 2020. Viðskiptin muni byggja á markaðsfyrirkomulagi sem gildi á árunum 2011-2016, það er markaði með greiðslumark þar sem boðið er til sölu eða leitað eftir kaupum á greiðslumarki mjólkur, og markaðsverð grundvallist á jafnvægisverði. Ef verðþróun á markaði verður óeðlileg að teknu tilliti til framboðs, eftirspurnar og aðstæðna að öðru leyti, er gert ráð fyrir því í samkomulagi dags. 25. október 2019 að ráðherra verði heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar búvörusamninga, að setja hámarksverð á greiðslumark. Ráðherra skuli þá í reglugerð mæla fyrir um nánari framkvæmd markaðar með greiðslumark, forgang nýliða og frekari skilyrði fyrir tilfærslu eða breytingu skráningar greiðslumark.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.